

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1987 með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 356, 29. júlí 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 63, 6. febrúar 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 24. ágúst 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að afnema einstefnu á Geirsgötu vestan Grófarinnar.

Ákvörðun þessi tekur gildi 25. september 1987.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 10. september 1987.

Böðvar Bragason.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um dráttarvélar og hlifabúnað við
aflflutning frá þeim nr. 153 10. mars 1986.**

1. gr.

2. töluliður 45. gr. orðist svo:

45.2 Viðgerðir á burðarhlutum í öryggishúsum og öryggisgrindum mega þeir einir framkvæma sem til slíkra starfa hafa viðurkennd réttindi.

2. gr.

Við 1. töluluð 49. gr. (49.1) bætist:

Sé um að ræða dráttarvél sem notuð er í öðrum atvinnugreinum en landbúnaði má með sama hætti áfrýja úrskurðum til stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, tekur þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 8. september 1987.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Óskar Hallgrímsson.